

Neyðarlínan ohf.

Ársreikningur
2025

Neyðarlínan ohf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 511095-2559

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun Ríkisendurskoðunar	6
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Neyðarlínan ohf. var stofnuð í október 1995. Tilgangur félagsins er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112, almenn svörun neyðarboða og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsvörun. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga í samræmi við lög nr. 41/2003 og Tetra neyðar- og öryggisfjarskiptabjónustu í samræmi við lög nr. 70/2022 fyrir löggæslu og aðra viðbragðsaðila, björgunarsveitir, orkufyrirtæki og fleiri.

Starfsemin á árinu

Starfsemi neyðarsvörunar 112 gekk vel á árinu. Á árinu var áhersla lögð á tæknilega innviði. Unnið var að uppfærslum og úrbótum á sírstöð ásamt því að tækninýjungar voru innleiddar svo sem tengt sjálfvirkjum hringingum í 112, staðsetningum og öðrum upplýsingum til 112 og viðbragðsaðila. Þá hefur lokun símafyrirtækja á 2G og 3G farsímasambandi verið nokkuð fyrirferðarmikil, en gert er ráð fyrir að henni ljúki með vorinu 2026. Þá verði einhver símtæki enn í notkun sem ekki ná í 112 en unnið hefur verið náð með símafyrirtækjum að lágmarka þá röskun sem af því gæti leitt.

Fjöldi sjúkraflutninga var 59.220 sem er nánast óbreytt frá fyrra ári en þá voru þeir 60.423 og dreifing milli forganga er svipuð og áður. Útköll á slökkvilið voru 3.253 á árinu. Í málaskrá 112 fyrir 2025 eru 265.000 erindi. Af þeim eru um 218.000 skilgreind sem neyðarerindi, önnur erindi eru skilgreind sem truflun á þjónustu, opnir símar, slitin símtöl og rangt símanúmer sem dæmi. Meðaltalími allra símtala er 76 sekúndur.

Tetra fjarskiptabjónustan gekk vel á árinu og notendum heldur áfram að fjölga og Tetra kerfið var almennt í góðu ástandi. Meðaluppitími senda árið 2025 var 99,89% en hann var 99,88% á árinu 2024. Að venju eru það hálendisstaðir sem erfitt er að þjónusta sem draga meðaltalið niður. Að þeim stað sem verst gekk að reka frátöldum var meðaluppitími 99,97%. Á árinu 2025 voru settir upp 10 nýir Tetra sendar víðs vegar um landið með það að markmiði að tryggja útbreiðslu þjónustunnar enn betur. Í árslok voru 215 sendar virkir í kerfinu auk færanlegra senda og endurvarpa. Eins og undanfarin ár var mikil endurnýjun á Tetra farstöðvum og annir voru við að útvega og forrita nýjar stöðvar.

Neyðarlínan reiðir sig á birgja á almennum markaði fyrir fjarskiptasambönd að Tetra sendum og sendakerfi vakstöðvar siglinga. Í kjölfar alvarlegra rekstrartruflana á samböndunum var farið í umfangsmikið verkefni er lítur að endurhögun þeirra.

Félagið rekur fjarskiptabúnað á um 280 stöðum um landið allt og er eitt helsta verkefni tæknifólks Neyðarlínunnar skipulag og framkvæmd rekstrareftirlits á stöðunum. Árið 2025 náðist að heimsækja um 97% staðanna og telst það góður árangur. Af þessum stöðum rekur félagið sjálft um 125 til eigin nota og til útleigu sem einnig kallar á viðhald og endurnýjun þeirra.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Á árinu 2025 voru uppköll til vaktstöðvar siglinga rétt tæplega 94 þúsund og fækkar uppköllum um fjögur þúsund frá 2024. Handvirkar inn- og útmeldingar voru um 16 og 58 þúsund en handvirkar útmeldingar voru talsvert fleiri en á árinu 2024 sem skýrist af vandamálum með smáforrit sem er einnig notað til að tilkynna brottför úr höfn. Á vaktstöð siglinga var unnið að viðhaldi kerfa en talsvert var um bilanir m.a. vegna aldurs sendabúnaðar. Komið er að endurnýjun sendabúnaðarins og er undirbúningur að því í gangi. Gerður var nýr þjónustusamningur við Vegagerðina sem gildir frá 1.1.2025 og er til 10 ára en sú breyting var gerð á honum að Neyðarlínan annast nú aðeins rekstur tækniakerfa.

Alþjónustukvöð sem lögð var á félagið á árinu 2020 og endurnýjuð um mitt árið 2024 setur á félagið þá skyldu að tryggja heimilum tiltekna lágmarks fjarskiptþjónustu. Unnið var að verkefnum vegna þessa sem aðallega hafa falist í að setja upp farsímasenda á völdum stöðum.

Unnið var að því allt árið að styrkja og bæta öryggi upplýsingakerfa félagsins í þeim tilgangi annars vegar að bæta áfallapol þess og hins vegar til að mæta sífelldri aukningu upplýsingaógna. Verkefnið er nokkuð umfangsmikið sem hefur kallað á að bæta við starfsfólki sem sinnir þessum verkefnum auk verulegrar aðstoðar ytri sérfræðinga. Unnið var að innleiðingu verklags samkvæmt ISO 27001 og er stefnt að vottun samkvæmt því.

Í árslok störfuðu 45 starfsmenn hjá Neyðarlínunni, þar af voru 27 við neyðarsvörun 112, 11 í tæknideild sem þjónar Tetra, vaktstöð siglinga, mannvirkjum og alþjónustu og 7 á skrifstofu. Stefnur félagsins um einelti, áreitni og ofbeldi, jafnrétti og starfsmannamál eru hluti af stjórnarháttumgjörð félagsins og endurspeгла áherslu þess á ábyrgð, gagnsæi og vellíðan starfsfólks. Umhverfis- og loftslagsstefnan og framkvæmd hennar er liður í daglegu starfi Neyðarlínunnar til að draga úr álagi á umhverfið, auka gæði og vekja áhuga á innra umhverfisstarfi. Allar stefnur má nálgast á heimasíðu félagsins 112.is.

Húsnæðismál samræmdrar neyðarsvörunar hafa verið í ólestri allt frá því að varðstofur voru fluttar af jarðhæð Björgunarmiðstöðvarinnar og í aðstöðu mötuneytis í maí 2024. Flutningurinn var gerður vegna myglu sem kom upp á jarðhæðinni og átti að vera bráðabirgðalausn sem þó hefur dregist á langinn. Á sama tíma var Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna færð úr húsinu í bráðabirgðahúsnæði að Laugavegi 166 en þar hefur einnig verið komið upp varastöð fyrir neyðarsvörun 112. Á árinu var lagt í mikla vinnu við að finna starfseminni nýtt húsnæði en ekki hefur fengist niðurstaða í framtíðarfyrikomulag húsnæðimála neyðarsvörunar.

Undanfarin misseri hefur Neyðarlínan átt í samtali við Öryggisfjarskipti ehf. og Farice ehf. um aukið samstarf og mögulega samlegð. Viðræður leiddu til þess að ákveðið var að tæknihluti Neyðarlínunnar og Farice yrðu sameinuð í eitt félag undir kennitölu Farice og að Öryggisfjarskipti yrðu dótturfélag Farice. Með samrunanum selur Neyðarlínan og ríkissjóður nýju félagi hlut sinn í Öryggisfjarskiptum, ásamt því að allur tæknirekstur og starfsfólk tæknideildar og fjármála- og bókhalds færist yfir í nýtt félag. Beðið er eftir samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir samrunanum og hefur starfsemin því verið með óbreyttu sniði frá því hann var samþykktur á hluthafafundum félaganna fyrir áramót.

Samkvæmt rekstrarreikningi varð tap af rekstri félagsins 35,6 millj. kr. á árinu 2025. Eignir félagsins námu 720 millj. kr. og eigið fé nam 264 millj. kr. í árslok 2025 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 15,5 millj. kr.

Þjónustusamningar dómsmálaráðuneytisins (DMR) við Neyðarlínuna um samræmda neyðarsvörun og Tetra þjónustu rennur út um áramót 2026/2027. Neyðarlínan hefur vakið athygli ráðuneytisins á því og hafa viðræður um endurnýjun hans staðið yfir í nokkurn tíma, eða allt frá árinu 2024.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Óvissupættir og rekstrarhæfi

Eins og fram kemur í skýringu nr. 15 í ársreikningi hóf ríkisskattstjóri sjálfstæða skoðun á virðisaukaskattsskráningu félagsins. Skoðunin beindist að því hvort félagið uppfyllti skilyrði fyrir skráningu á virðisaukaskattskrá, eða hvort því beri að hlutfalla innskatt. Ríkisskattstjóri boðaði breytingu á virðisaukaskatti félagsins þann 9.10.2025. Neyðarlínan ohf. andmælti þeirri boðun þann 22.01.2026. Félagið biður niðurstöðu ríkisskattstjóra. Komi til þess að félagið verði afskráð af virðisaukaskattskrá eða innskattur verði hlutfallaður afturvirkur, hefur það veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins. Í því tilviki mun stjórn félagsins leita eftir því við fjármála- og efnahagsráðherra, í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlaga 2025, að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins. Af þeim sökum telur félagið ekki ríkja óvissu um rekstrarhæfi þess sbr. umfjöllun í skýringu nr. 16. Eigandi félagsins sem er ríkisjóður hefur verið upplýstur um stöðuna.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2026, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og jöfnun tapsins.

Eignarhald

Í lok og upphafi ársins var einn eigandi að félaginu, Ríkissjóður með 100% eignarhlut.

Staðfesting ársreiknings

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok 2025, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun félagsins á árinu 2025, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30. apríl 2026

Stjórn og framkvæmdastjóri:

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Neyðarlínunnar ohf.,

Álit með fyrirvara

Ársreikningur Neyðarlínunnar ohf. fyrir árið 2025 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar, að undanskildum mögulegum áhrifum þess sem lýst er í kaflanum „Ástæður fyrir álit með fyrirvara“, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Neyðarlínunnar ohf. 31. desember 2025, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ástæður fyrir álit með fyrirvara

Við viljum vekja athygli á skýringu 16 í ársreikningnum þar sem fjallað er um rekstrarhæfi og skýringu 15 sem fjallar um óvissa skuldbindingu vegna virðisaukaskatts sem er til skoðunar hjá skattfyrvöldum. Óvissa ríkir um úrlausn og tímasetningu mögulegrar skuldbindingar vegna virðisaukaskatts.

Ekki liggur fyrir mat á fjárhagslegum áhrifum mögulegrar skuldbindingar vegna málsins og ekki tókst að afla nægjanlegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að leggja mat á hvort og að hvaða marki skuldbinding vegna málsins ætti að vera færð í ársreikninginn. Því getum við ekki lagt mat á hvort og hvaða leiðréttingar gætu verið nauðsynlegar á ársreikningnum.

Veruleg óvissa um rekstrarhæfi

Við viljum vekja athygli á skýringu 16 í ársreikningnum þar sem fram kemur að óvissa er um niðurstöðu máls er varðar virðisaukaskatt og að niðurstaða þess gæti haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins. Ekki liggur fyrir endanleg niðurstaða málsins né hvernig möguleg skuldbinding verður fjármögnuð. Þessi atriði benda til þess að verulegur vafi geti leikið á rekstrarhæfi félagsins.

Þetta atriði hefur ekki áhrif á álit Ríkisendurskoðunar.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Neyðarlínunni og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar.

Að undanskildu því sem lýst er í kaflanum „Ástæður fyrir álit með fyrirvara“ teljum við að þau endurskoðunargögn sem við höfum aflað séu nægjanleg og viðeigandi til að veita grundvöll fyrir álit okkar.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Neyðarlínunnar ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þeir ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Afklar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun Ríkisendurskoðunar, frh.:

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 30. apríl 2026

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur	12	1.940.401.181	1.927.836.355
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	765.386.834	727.778.234
Rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar		781.657.869	747.147.788
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	14	172.178.392	223.341.873
Rekstur húsnæðis		201.667.789	199.744.220
Rekstur bifreiða		25.627.445	19.444.462
Afskriftir	5	26.324.000	6.608.096
		1.972.842.329	1.924.064.673
(Rekstrartap) -hagnaður fyrir fjármunat. og fjármagnsgj.	(	32.441.148)	3.771.682
Vaxtatekjur		2.944.636	1.858.394
Vaxtagjöld	12	(14.336.098)	(2.551.456)
Gengismunur		(614.748)	335.629
		(12.006.210)	(357.433)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(	44.447.358)	3.414.249
Tekjuskattur	4	8.885.189	(687.030)
(Tap) hagnaður ársins	11	(35.562.169)	2.727.219

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Eignir			
Rekstarfjármunir	5	157.392.275	103.562.129
Eignarhlutur í félagi	8	311.489.994	311.489.994
Tekjuskattseign	9	12.738.077	3.852.888
Fastafjármunir		481.620.346	418.905.011
Birgðir		23.240.749	36.869.428
Viðskiptakröfur		75.811.808	63.581.050
Krafa á tengda aðila	12	103.405.850	55.111.505
Aðrar skammtímakröfur		224.561	5.572.169
Virðisaukaskattur, inneign		16.064.485	43.188.218
Handbært fé		19.675.663	9.199.548
Veltufjármunir		238.423.116	213.521.918
Eignir samtals		720.043.462	632.426.929
Eigið fé			
Hlutfé	10	15.485.000	15.485.000
Bundið eigið fé		246.705.728	246.705.728
Óráðstafað eigið fé		1.791.681	37.353.850
Eigið fé	11	263.982.409	299.544.578
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		0	42.398.337
Viðskiptaskuldir		209.270.773	117.796.402
Skuldir við tengda aðila	12	156.254.122	94.423.229
Aðrar skammtímaskuldir		90.536.158	78.264.383
Skammtímaskuldir		456.061.053	332.882.351
Skuldir samtals		456.061.053	332.882.351
Eigið fé og skuldir samtals		720.043.462	632.426.929

Sjóðstreymisyfirlit árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins	11 (	35.562.169)	2.727.219
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og söluhagnaður	5	17.605.877	6.608.096
Tekjuskattur	4	(8.885.189)	687.030
Veltufé (til) frá rekstri		(26.841.481)	10.022.345
 Vörubirgðir, breyting		13.628.679 (	5.478.317)
Skammtímakröfur, breyting		20.240.583	14.058.472
Skammtímaskuldir, breyting		103.746.146	5.815.219
Handbært fé frá rekstri		110.773.927	24.417.719
 Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	(	81.532.797)	(99.433.446)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir		10.096.774	0
Fjármögnunarhreyfingar		(71.436.023)	(99.433.446)
 Fjármögnunarhreyfingar			
Kröfur og skuldir við tengda aðila, breyting		13.536.548	49.706.585
Skuldir við lánastofnanir, breyting	(	42.398.337)	33.399.235
Fjármögnunarhreyfingar		(28.861.789)	83.105.820
 Breyting á handbæru fé		10.476.115	8.090.093
 Handbært fé í ársbyrjun		9.199.548	1.109.455
 Handbært fé í árslok		19.675.663	9.199.548

Skýringar

1. Almennar upplýsingar um Neyðarlínuna ohf.

Neyðarlínun ohf. er sjálfstætt starfandi opinbert hlutfélag í eigu íslenska ríkisins. Höfuðstöðvar félagsins eru að Skógarhlíð 14, Reykjavík.

Tilgangur félagsins er rekstur stjórnstöðvar vegna samræmdrar neyðarsvörunar, almenn svörun neyðarboða, skipulagning viðbragða, rekstur öryggis- og fjarskiptakerfa og skyldur rekstur..

2. Reikningsskilaaðferir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Reikningsskil félagsins miðast við áframhaldandi rekstrarhæfi.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar hún hefur verið innt af hendi.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og innréttingar	5 ár
Bifreiðar	5 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

e. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum eru færðir til eignar á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup.

f. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

g. Birgðir

Birgðir endursöluvara eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til rýrnunar.

h. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

Skýringar, frh.:

i. Tekjuskattur

Tekjuskattseign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2025	2024
Laun	583.841.670	561.521.048
Launatengd gjöld og ýmis starfsmannakostnaður	181.545.164	166.257.186
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>765.386.834</u>	<u>727.778.234</u>
Stöðugildi að meðaltali yfir árið	43,8	45,9
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra	30.377.641	29.309.345

4. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2025	2024
(Tap) hagnaður fyrir skatta	(44.447.358)	3.414.249
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,0% 8.889.472	20,0% (682.850)
Annað	(0,0%) (4.283)	0,1% (4.180)
Virkur tekjuskattur	<u>20,0% 8.885.189</u>	<u>20,1% (687.030)</u>

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2025	72.848.701	96.704.324	169.553.025
Viðbót á árinu	48.354.836	33.177.962	81.532.798
Selt á árinu	0	(13.786.515)	(13.786.515)
Stofnverð 31.12.2025	<u>121.203.537</u>	<u>116.095.771</u>	<u>237.299.308</u>
Afskrifað samtals 1.1.2025	11.335.776	54.655.120	65.990.896
Afskrifað á árinu	16.781.439	9.542.561	26.324.000
Selt á árinu	0	(12.407.863)	(12.407.863)
Afskrifað samtals 31.12.2025	<u>28.117.215</u>	<u>51.789.818</u>	<u>79.907.033</u>
Bókfært verð 1.1.2025	61.512.925	42.049.204	103.562.129
Bókfært verð 31.12.2025	<u>93.086.322</u>	<u>64.305.953</u>	<u>157.392.275</u>

Skýringar, frh.:

6. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamning um hluta eignar að Skógarhlíð 14, Reykjavík. Skuldbinding vegna þessa hefur ekki verið færð í efnahagsreikning en hún nemur 102,5 millj. kr. í árslok á verðlagi í lok ársins. Samningurinn er tímabundinn og líkur 1. nóvember 2028 en er þó heimilt að segja upp með árs fyrirvara frá og með 1. nóvember 2022. Jafnframt hefur félagið gert leigusamninga við nokkra aðila um leigu fyrir búnað í möstrum eða fjarskiptahúsum og nemur samtals skuldbinding vegna þeirra 26,5 millj. kr. í árslok 2025. Samningarnir eru ótímabundnir með 1-12 mánaða uppsagnarfresti. Leigugjöld ársins nema 79,3 millj. kr. og eru færð til gjalda meðal reksturs húsnaðis í rekstrarreikningi. Leiguskuldbinding félagsins skiptist með eftirfarandi hætti á næstu ár.

Leiguskuldbinding vegna næstu fimm ára	129.061.627
Samtals leiguskuldbinding 31.12.2025	<u>129.061.627</u>

Félagið leigir jafnframt fjarskiptakerfi, fjarskiptastöðvar og annað því tengt af Öryggisfjarskiptum ehf. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2018 og gildir þar til annar hvor samningsaðila segir honum upp. Samningurinn er uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Leigugjöld ársins nema 438,7 millj. kr. og eru færð meðal rekstrar- tækni og fjarskiptabúnaðar í rekstrarreikningi.

7. Vátryggingarverð

Vátryggingarverð lagers, áhalda, tækja og bifreiða nam 476,5 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 180,6 millj. kr.

8. Eignarhlutur í félagi

Eignarhlutur í félagi greinast þannig:	Eignarhlutur	2025	Bókfært verð
		hlutdeild í afkomu	
Öryggisfjarskipti ehf.	14,22%	0	<u>311.489.994</u>

Hlutfé Öryggisfjarskipta ehf. var aukið um 500 millj.kr. í janúar 2023 án þáttöku Neyðarlínunnar ohf. Við þá hlutafjárukningu lækkaði eignarhluti í Öryggisfjarskiptum ehf. niður fyrir 20% og flokkast eignarhlutinn því ekki lengur sem hlutadeildarfélag samkvæmt 22.tl. 2.gr. laga um ársreikninga. Við framangreinda breytingu verður ekki tilfærsla á bundnum hlutdeildarreikningi meðal eiginfjár yfir á óráðstafað eigið fé, fyrr en eignarhluturinn er seldur að hluta eða öllu leiti. Bókfært virði eignarhlutans í árslok 2022, myndar nýtt kostnaðarverð sem síðan er metið fyrir virðisrýrnun ef vísbendingar eru fyrir hendi.

Skýringar, frh.:

9. Tekjuskattseign

Skatteign félagsins greinist þannig:	2025	2024
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	3.852.888	4.539.918
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	8.885.189 (	687.030)
Reiknaður tekjuskattur til greiðslu	0	0
Reiknuð skatteign í árslok	<u>12.738.077</u>	<u>3.852.888</u>
 Tekjuskattseign skiptist þannig:	31.12.2025	31.12.2024
Varanlegir rekstrarfjármunir	(2.874.757)	(514.738)
Viðskiptakröfur	731.723	645.380
Fyrirframgreiddur kostnaður	0 (	1.034.280)
Gengismunur	141.558	66.913
Yfirfæranlegt skattalegt tap	14.739.553	4.689.613
Tekjuskattseign í árslok	<u>12.738.077</u>	<u>3.852.888</u>

Tekjuskattseign er færð upp í ársreikningi félagsins fyrir árið 2025. Félagið var á árum áður rekið með nokkru skattalegu tapi og ekki markmið félagsins að vera rekið með hagnaði heldur að veita eins góða þjónustu og hægt er miðað við það fjármagn sem félagið hefur yfir að ráða. Nú hefur hins vegar verið skattalegur hagnaður á rekstri félagsins undanfarin ár, þó árin 2024-2025 séu undanskilin, þá er það mat stjórnenda að rétt sé að færa upp tekjuskattseign og reikna tekjuskatt í rekstrarreikningi. Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins í árslok 2025 nemur 73,7 millj. kr. og er nýtanlegt til ársloka 2034-2035.

10. Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 15.485.000 kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

11. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2025	15.485.000	246.705.728	37.353.850	299.544.578
Tap ársins			(35.562.169)	(35.562.169)
Eigið fé 31.12.2025	<u>15.485.000</u>	<u>246.705.728</u>	<u>1.791.681</u>	<u>263.982.409</u>

Bundið eigið fé greinist þannig:	Lögbundinn varasjóður	Yfirverð hlutafjár	Hlutdeildar- reikningur	Samtals
Staða 1.1.2025	3.871.250	89.914.713	152.919.765	246.705.728
Staða 31.12.2025	<u>3.871.250</u>	<u>89.914.713</u>	<u>152.919.765</u>	<u>246.705.728</u>

Hlutfé Öryggisfjarskipta ehf. var aukið um 500 millj.kr. í janúar 2023 án þáttöku Neyðarlínunnar ohf. Við þá hlutafjárukningu lækkaði eignarhluti í Öryggisfjarskiptum ehf. niður fyrir 20% og flokkast eignarhlutinn því ekki lengur sem hlutadeildarfélag samkvæmt 22.tl. 2.gr. laga um ársreikninga. Við framangreinda breytingu verður ekki tilfærsla á bundnum hlutdeildarreikningi meðal eiginfjár yfir á óráðstafað eigið fé, fyrr en eignarhluturinn er seldur að hluta eða öllu leiti.

12. Tengdir aðilar

Aðilar teljast tengdir félaginu ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð yfir því, fara með sameiginleg yfirráð eða hafa veruleg áhrif á stjórnun eða rekstur þess. Til tengdra aðila teljast Ríkissjóður, önnur ríkisfyrirtæki, sem og Öryggisfjarskipti ehf., þar sem Neyðarlínan á 14,22% eignarhlut. Þá teljast til tengdra aðila lykilstjórnendur félagsins og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra.

Samkvæmt IAS 24 eru félögum sem eru undir yfirráðum eða verulegum áhrifm stjórnvalda veittar ákveðnar undanþágur frá ítarlegri upplýsingagjöf um viðskipti við aðra aðila sem eru einnig undir yfirráðum eða verulegum áhrifum sömu stjórnvalda. Neyðarlínan ehf. nýtir sér þessa undanþágu og birtir því ekki ítarlegar upplýsingar um slík viðskipti nema þau séu veruleg.

Upplýsingar um laun stjórnar og framkvæmdastjóra koma fram í skýringu nr. 3.

Innkaup og endurrukkað						
	Seld þjónusta og vörur	kostnaður og þjónusta	Leigu-greiðslur	Vextir gjaldfærðir	Krafa	Skuld
Árið 2025						
Öryggisfjarskipti ehf. 2025	30.458.460	117.572.130	438.697.020	10.839.366		150.035.410
Ríkissjóður	815.809.238				11.315.000	
Vegagerðin	286.631.508				3.878.318	
Landsvirkjun	33.558.675				6.813.499	
Rarik ehf.	32.143.799	26.447.110			3.382.064	4.133.618
Ríkislögreglustjóri	30.749.161				4.500.896	
Dómsmálaráðuneytið	30.496.944				52.355	
Lögreglustjórinn á höfuðb.sv.	26.637.320				2.807.559	
Ríkisútvarpið ehf.	21.330.388				4.392.314	
Önnur ríkisfyrirtæki og stofnanir	123.787.442	14.605.830			66.263.845	2.085.094
	1.431.602.935	158.625.070	438.697.020	10.839.366	103.405.850	156.254.122
Árið 2024						
Öryggisfjarskipti ehf. 2024	30.458.460	125.691.440	419.999.988	1.263.845		78.163.582
Ríkissjóður	764.968.223				4.500.000	
Vegagerðin	359.298.069	109.565			2.592.294	
Ríkislögreglustjóri	85.757.154				13.803.012	
Rarik ehf.	30.830.403	22.525.479			3.248.486	2.207.483
Lögreglustjórinn á höfuðb.sv.	26.861.501				4.257.696	
Landsvirkjun	24.662.591				2.379.721	
Ríkisútvarpið ehf.	20.787.525				2.758.458	
Önnur ríkisfyrirtæki og stofnanir	93.544.125	92.571.647			21.571.838	14.052.164
	1.437.168.051	240.898.131	419.999.988	1.263.845	55.111.505	94.423.229

12. Tengdir aðilar frh.

Félagið á í töluverðum viðskiptum við Öryggisfjarskipti ehf. sem felur fyrst og fremst í sér leigugjöld en einnig sér Neyðarlínan ohf. um innkaup á ýmsum búnaði, eignum og þjónustu sem félagið rukkar Öryggisfjarskipti ehf. fyrir. Endurrukkaður útlagður kostnaður er færður til lækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi og er endurseldur á kostnaðarverði. Leigugjöld eru færð meðal rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar í rekstrarreikningi.

Seld þjónusta og vörur 2025: Félagið á í viðskiptum við Vegagerðina sem kaupir þjónustu samkvæmt þjónustusamning um m.a. að útvega, reka og þróa upplýsinga- og fjarskiptakerfi fyrir öryggisþjónustur vaktstöðvar siglinga sem skilgreindar eru í lögum og reglugerðum, sala til Vegagerðarinnar var 286,6mkr. á árinu. Landsvirkjun keypti tetra þjónustu, fjarskiptahús og fjarskiptatjóra fyrir 33,6m.kr. Rarik ohf. keypti tetra þjónustu fyrir 32,1m. Ríkislögreglustjóri keypti tetra þjónustu, leigði vararafstöðvar og aðra þjónustu fyrir 30,7m. kr. Dómsmálaráðuneytið keypti þjónustu vegna löggæslumyndavéla og tetra þjónustu fyrir 30,5m.kr. Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu keypti tetra þjónustu fyrir 26,6m. kr. Ríkisútvarpið keypti aðstöðuleigu, rafmagn, vinnu o.fl. fyrir 21m. Önnur ríkisfyrirtæki og stofnanir keyptu þjónustu/vörur fyrir 123,8 m.kr.

13. Þóknun til endurskoðanda vegna endurskoðunar

	2025	2024
Ríkisendurskoðun	5.050.973	3.535.379

14 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Á fyrri árum var rekstur varðstofu sýndur sem sérstakur liður undir rekstrargjöldum, þó þar væri einungis birtur hluti af heildarrekstrarkostnaði varðstofunnar. Nú hefur sá liður verið sameinaður almennum skrifstofu- og stjórnunarkostnaði.

Á árinu 2024 voru verktakagreiðslur vegna reksturs vaktstöðvar siglinga að fjárhæð 78,9 m.kr. bókaðar undir rekstri varðstofu. Sá kostnaður féll ekki til á árinu 2025 vegna breytinga á samningum við Vegagerðina um rekstur vaktstöðvar siglinga.

15 Virðisaukaskattur

Í kjölfar þess að félagið lagði fram umsókn um leiðréttingu á innskatti vegna rekstraráranna 2021 til 2023, hóf ríkisskattstjóri sjálfstæða skoðun á virðisaukaskattsskráningu félagsins. Skoðun þessi beindist annars vegar að því hvort félagið uppfylli skilyrði skráningar á virðisaukaskattskrá og hins vegar hvort rétt sé að hlutfalla innskatt vegna lögbundinnar starfsemi þess.

Þann 09.10.2025 boðaði ríkisskattstjóri breytingu á virðisaukaskatti félagsins sem Neyðarlínan ohf. andmælti, þann 22.01.2026. Félagið bíður niðurstöðu ríkisskattstjóra.

Frá 1.11.2025 breytti félagið virðisaukaskattsskilum sínum þannig að virðisaukaskattur er ekki nýttur í þremur af sex deildum félagsins.

Verði niðurstaða ríkisskattstjóra sú að skráningu verði hafnað og félagið afskráð af virðisaukaskattskrá eða innskattur hlutfallaður, er hugsanlegt að kröfu félagsins um endurgreiðslu innskatts vegna fyrri ára verði einnig hafnað. Ekki er færð varúðarniðurfærsla vegna þessa þar sem á þessu stigi er óljóst hver niðurstaða málsins verður.

Loks má gera ráð fyrir að afskráning af virðisaukaskattskrá hefði í för með sér verulega hækkun rekstrarkostnaðar félagsins. Á móti kæmi að hluti innskatts er hugsanlega endurkræfur sem endurgreiðsla til stofnana ríkis og sveitarfélaga. Endanleg niðurstaða af hálfu ríkisskattstjóra liggur ekki fyrir.

16 Rekstrarhæfi

Eins og fram kemur í skýringu nr. 15 hér að ofan hóf Ríkisskattstjóri sjálfstæða skoðun á virðisaukaskattsskráningu félagsins. Skoðunin beindist að því hvort félagið uppfylli skilyrði fyrir skráningu á virðisaukaskattskrá, eða hvort því beri að hlutfalla innskatt.

Komi til þess að félagið verði afskráð af virðisaukaskattskrá eða innskattur verði hlutfallaður afturvirkir, myndi það hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins. Í því tilviki mun stjórn félagsins leita eftir því við Fjármála- og efnahagsráðherra, í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlaga 2025, að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins. Eiganda félagsins (Ríkissjóði) hefur verið greint frá stöðunni.

17 | Atburðir eftir reikningsskiladag

Samþykkt hefur verið tillaga um sameiningu tæknihluta Neyðarlínunnar og Farice ehf. í eitt félag undir kennitölu Farice, þar sem Öryggisfjarskipti ehf. verði dótturfélag. Samruninn var samþykktur á hluthafafundum 22. desember og tilkynntur til Samkeppniseftirlitsins, þar sem málið er nú til meðferðar og er niðurstöðu að vænta í júní 2026. Með samrunanum selur Neyðarlínan eignarhlut sinn í Öryggisfjarskiptum og flyst tæknirekstur og tiltekið starfsfólk til hins nýja félags. Unnið er að þjónustusamningum milli Neyðarlínunnar og Farice um samstarf á sviði tækni- fjármála- og bókhaldsþjónustu fyrir Neyðarlínuna.